



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Almenningssamgöngur

Árþing SASS 2016 skorar á ríkisvaldið að standa vörð um almenningssamgöngur í landinu. Skilgreina þarf lagaramma verkefnisins og tryggja því nægjanlegt rekstrarfjármagn. Skilvirkt lagaumhverfi um almenningssamgöngur er forsenda þessa að sveitarfélögin á Suðurlandi sjái sér fært að halda áfram utan um þetta verkefni. Staða mála nú er í raun algerlega óviðunandi fyrir sveitarfélögin.

Flugsamgöngur

Árþing SASS 2016 telur mikilvægt að tryggja eðlilegt viðhald flugvalla á Suðurlandi með öryggissjónarmið íbúa í huga. Þingið leggur áherslu á að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýri sem er mikið hagsmunamál fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Umferðaröryggi á þjóðvegum og einbreiðar brýr

Árþing SASS 2016 fagnar þeim áformum sem fyrirhuguð eru varðandi úrbætur á þjóðvegakerfinu en ítrekar mikilvægi þess að þessi áform verði að veruleika. Árleg umferðaraukning á þjóðvegum Suðurlands um 20 - 30% ár eftir ár án breikkunar og verulegra endurbóta á þjóðvegakerfinu gengur ekki lengur og því leggur árþingið ríka áherslu á að úrbætur á vegakerfinu verði settar í forgang. Fjármunir til viðhalds vegakerfis á Suðurlandi eru langt undir því sem nauðsynlegir eru til að tryggja umferðaröryggi. Mikill fjöldi einbreiðra brúa og vega án bundins slitlags eru slysagildir sem mikilvægt er að verið fjarlægðar hið allra fyrsta. Bæta þarf allar merkingar vega, vara við hættusvæðum með ljósum og tryggja aðskildar akstursstefnur á fjölförnu vegum Suðurlands. Tryggja þarf nægjanlegt fjármagn til viðunandi vetrarþjónustu þannig að umferðaröryggi verði tryggt. Árþingið leggur enn og aftur áherslu á að ný veglína um Mýrdal komist á 12 ára samgönguáætlun, sem enn hefur ekki tekist að ljúka við. Þá leggur árþingið áherslu á að sem fyrst verði gengið frá áætlun um að koma upp merktum áningarstöðum sem mæta þörfum ferðamanna á þjóðvegum landsins.

Grynnslin og sjóvarnargarðar:

Árþing SASS 2016 leggur áherslu á að ráðist verði í gerð sandfangara frá Suðurfjörum út í Einholtskletta við Hornafjörð, en talið að með þeirri aðgerð megi hefta sandburð úr vestri inn á Grynnslin við Hornafjarðarós. Þá leggur nefndin áherslu á að sjóvarnargarðar sem gegna eingöngu hlutverki varna gegn náttúruvá fái sömu meðhöndlun ríkisvaldsins og nú er hjá Ofanflóðasjóði.